



„En samt ég bara, ég get ekki“

Áhrif fátæktar á félagslega þátttöku barna innflytjenda

Guðbjörg Ottósdóttir, félagsráðgjafi MA, PhD, lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands
Freydís Jóna Freysteinsdóttir, félagsráðgjafi MSW, PhD, dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands



Guðbjörg Ottósdóttir



Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Útdráttur

Erlendar rannsóknir sýna að börn innflytjenda eru líkleg til að búa við fátækt og tengist það almennt veikri stöðu innflytjenda á vinnumarkaði í mörgum ríkjum. Aðstæður barna innflytjenda sem búa við fátækt hafa ekki verið rannsakaðar hérlandis. Greinin fjallar um hluta af niðurstöðum eiginlegrar rannsóknar á upplifun reykvískra barna af fátækt og aðstæðum sínum. Markmið rannsóknarinnar var að varpa ljósi á upplifun barna af áhrifum fátæktar á samveru og tengsl við vini og tómstundir. Viðtöl voru tekin við átta börn af ýmsu þjóðerni á aldrinum átta til fjórtán ára sem öll bjuggu við fátækt. Helstu niðurstöður sýndu að flestöll börnin stunduðu einhverjar tómstundir. Þau áttu ýmist vini sem voru af íslenskum uppruna, af erlendum uppruna eða hvoru tveggja. Börn sem stunduðu íþróttir og áttu vel stæða vini fundu einna mest fyrir áhrifum fátæktar. Sum barnanna upplifðu skömm yfir aðstæðum sínum og leituðust við að fela þær fyrir vinum sínum með ýmsum hætti. Mikilvægt er að yfirvöld tryggji með markvissum hætti að öll börn geti búið við fjárhagslegt öryggi og húsnæðisöryggi þar sem þetta tvennt er undirstaða festu í lífi barna.

Lykilorð: fátækt, innflytjendur, flóttafólk, tómstundir, vinir.

Abstract

Studies abroad have shown that children of immigrants are likely to be poor which is related to a weak position of immigrants on the labour market in many countries. The situation of immigrant children who experience poverty has not been studied before in Iceland. In this article, a part of the results of a qualitative study are discussed. The purpose of this study was to gain insight into the influence of poverty experienced by

migrant children and its impact on social relationships, in the areas of friendships, recreation and leisure time. Qualitative interviews were held with eight children aged eight to fourteen. The main results were that all the children were involved in some form of recreational activities. They had friends of Icelandic background or from migrant background or both. The children who participated in formal recreational activities such as sports and had friends from an affluent background felt the impact of poverty significantly. Some of the children experienced shame because of their family situation and strove to hide it from their friends by using different ways to do so. It is important that authorities ensure that basic needs of children, including their financial and housing needs, are met to ensure security in children's lives.

Keywords: poverty, immigrants, refugees, leisure activities, friends.

Inngangur

Markmið rannsóknarinnar sem að hluta til er fjallað um í þessari grein var að varpa ljósi á upplifun reykvískra barna, sem eru innflytjendur, af fátækt og aðstæðum sínum. Hér er byggt á hluta stærri rannsóknar (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, Hervör Alma Árnadóttir, Soffía Hjördís Ólafsdóttir og Guðbjörg Ottósdóttir, 2018). Í fyrri hlutanum var upplifun reykvískra barna af íslenskum uppruna af fátækt og aðstæðum sínum rannsökuð (Hervör Alma Árnadóttir og Soffía Hjördís Ólafsdóttir, 2019) og í þeim síðari er sjónum beint að aðstæðum og upplifun reykvískra barna sem eru innflytjendur. Í heildarrannsókninni var leitast við að fanga upplifun nítján reykvískra barna af því að alast upp við fátækt og erfiðar aðstæður í ýmsu samhengi daglegs lífs þeirra. Varpa niðurstöðurnar ljósi á margvísleg áhrif,

þar með talið efnisleg, félagsleg og tilfinningaleg áhrif, sem fjallað er um í sex meginþemum, en þau eru: Fjölskylduáðstæður; húsnæðisaðstæður og flutningar; skóli og menntun; jafningjatengsl og félagslíf; þátttaka í tómstundum og óskir og væntingar.

Þessi grein er byggð á niðurstöðum seinni hluta rannsóknarinnar, sem lúta að börnum innflytjenda og er hér gerð grein fyrir þema sem tengist félagslegri þátttöku. Markmið greinarinnar er að lýsa áhrifum fátæktar og aðstæðna barna innflytjenda á félagslega þátttöku í formi samveru og tengsla við vini og tómstundaiðju. Í greininni er notað hugtakið börn innflytjenda þegar átt er við börn sem eiga foreldra og afa og ömmur í báða ættliði sem fædd eru erlendis (Hagstofa Íslands, 2019).

Fátækt barna

Lífskjör barna ráðast að miklu leyti af tekjustöðu foreldra og að einhverju leyti af því stuðningsneti sem fjölskyldur búa við (Kamerman og Kahn, 1995; Stefán Ólafsson, 1990), svo sem í formi stuðnings frá ættingjum (McGoldrick, Preto og Carter, 2016). Opinber stefnumótun, réttindi og þjónusta sem styður barnafjölskyldur er einnig mikilvægur áhrifavaldur á lífskjör barna (Falicov, 2016; Kamerman og Kahn, 1995; Stefán Ólafsson, 1990). Börn tekjulágra foreldra eru eðlilega sá hópur sem er aðalviðfangsefni rannsókna á barnafátækt, og þá börn foreldra sem þiggja fjárhagslegar bætur frá hinu opinbera sökum atvinnuleysis eða heilsubreysts og börn foreldra á vinnumarkaði sem eru með lágar tekjur (Safe the children, 2014, 2016).

Fátækt hefur verið skilgreind þannig að þeir sem ekki hafi ráð á nauðsynjum vegna bágra tekna búi við fátækt og notuð eru afstæð fátæktarmörk (e. relative poverty line) (Cynthia Lisa Jeans og Guðný Björk Eydal, 2005). Börn eru talin búa við fátækt ef tekjur foreldra þeirra eru undir skilgreindu hlutfalli þess hóps sem miðað er við, með tilliti til stærðar fjölskyldu þeirra (Stefán Ólafsson, 1999). Fátækt barna hefur einnig verið skilgreind út frá skortsgreiningu (e. deprivation analysis), þ.e. greiningu á efnislegum skorti sem börn búa við í daglegu lífi. Hér er átt við skort á sviði húsnæðis, næringar, klæðnaðar og félagslífs barna í tengslum við ýmsa stöðu foreldra, eins og tekjustöðu, menntun, uppruna og það að vera innflytjandi til að mynda. Jafnframt er lögð áhersla á að fanga sjónarhorn barna á aðstæður sínar frekar en að beina athygli að foreldrum þeirra, og kanna hverjar þarfir barnanna eru með tilliti til aðgerða til að bæta hag þeirra, frekar en að skoða heildaradstæður og þarfir heimilis (Hagstofa Íslands, 2016; Lovísa Arnardóttir, 2016).

Rannsóknir á erlendum og íslenskum vettvangi sýna að efnislegur skortur getur skaðað börn bæði tilfinningalega og félagslega og til skamms og langs tíma (Guðný B. Eydal og Cynthia Lisa Jeans, 2008, Ridge, 2009). Efnislegur skortur yfir langt tímabil í lífi barns getur haft varanleg áhrif og markað fullorðinsár þess. Efnislegur skortur barna getur birst í formi þröngbýlis eða óviðunandi húsnæðisaðstæðna, ónægs eða næringarlítils matar og skorts á leikföngum og fatnaði og nauðsynlegum búnaði til íþróttar og tómstundaiðkunar (Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir, 2015; Lee, 2011; Littlewood, Herkommer og Koch, 2007; Redmond, 2009). Fátæk börn eiga á hættu að einangrast félagslega vegna takmarkaðra tækifæra til að taka þátt í ýmsu sem snertir líf þeirra. Má þar nefna atburði eins og samveru í tengslum við skóla, leik og starf sem krefjast fjárútláta foreldra þeirra (Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Heiður Hrunn Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir, 2012; Gross-Manos, 2015; Kuruvilla og Jacob, 2007; Marques, 2008; Odenbring, 2019; Rysst, 2013). Börn geta upplifað tilfinningalega vanlíðan, eins og skömm yfir stöðu sinni, sorg og vanmátt, því þau bera aðstæður sínar saman við aðstæður vina sinna og annarra barna þegar kemur að efnislegum gæðum og möguleikum til þátttöku á sviði skólastarfs, leiks og starfs. Þau geta leitast við að fela stöðu sína og jafnvel brugðið á það ráð að segja ósatt til að fela hana. Þau geta jafnframt farið að forðast að bjóða vinum heim og taka þátt í viðburðum sem krefjast fjárútláta til að forðast stríðni og jaðarsetningu frá öðrum börnum. Þannig má sjá að fátækt getur ógnað félagslegu öryggi barna (Crowley og Vulliamy, 2007; Ridge, 2009).

Fátækt meðal barna sem eru innflytjendur

Erlendar rannsóknir sýna að börn innflytjenda eru líkleg til að búa við fátækt og tengist það almennt veikri stöðu innflytjenda á vinnumarkaði í mörgum ríkjum. Ekki hefur verið lögð mikil áhersla á það í rannsóknum að skoða börn innflytjenda sérstaklega. Þó er margt sem bendir til þess að mikilvægt sé að gefa þessum hópi gaum því að foreldrar þessa hóps barna eru að stórum hluta lágtekjufólk, sem mætir margvíslegum hindrunum bæði á vinnumarkaði og húsnæðismarkaði víða í Evrópuríkjum (Hagstofa Íslands, 2019; OECD Publishing, 2012). Innflytjendur eru víða fastir í lítills metnum láglaukastörfum og eiga erfitt með að fá menntun sína metna og að fá framgang í starfi. Þeir mæta erfiðleikum þegar kemur að aðgengi að upplýsingum um réttindi, sem tengist takmarkaðri þekkingu þeirra á tungumáli móttökulandanna sem þeir búa í og lélegu aðgengi að



upplýsingum á öðrum tungumálum (Anderson, 2010; Standing, 2011). Innflytjendur í Evrópuríkjum eru líklegri til að búa við veikt félagslegt stuðningsnet en innlendir íbúar (OECD Publishing, 2012).

Flóttafólk í Evrópu býr víða við margs konar hindranir til viðbótar við þær sem innflytjendur almennt búa við á vinnumarkaðnum og tengjast lagalegri stöðu þeirra og réttindum. Þessar hindranir tengjast einnig þeirri reynslu að hafa til langs tíma búið við atvinnuleysi í flóttamannabúðum og móttökulandi á meðan beið þeirri niðurstöðu umsóknar um alþjóðlega vernd. Þessi bakgrunnur hefur áhrif á aðgengi þeirra að vinnumarkaði og jafnframt er ónægur stuðningur og tækifæri á vinnumarkaði fyrir flóttafólk víða í móttökuríkjum (Allsopp, Sigona og Phillimore, 2014; Phillimore og Goodson, 2006).

Íslenskar rannsóknir endurspeglar niðurstöður erlendra rannsókna (Hagstofa Íslands, 2019; Kristín Loftsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Kári Kristinsson, 2016, Þóra Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir, 2016). Þrátt fyrir að innflytjendur héraendis búi við gott aðgengi að vinnumarkaði bjóðast þeim aðallega lítils metin láglauastörf. Þeir fá oft ekki störf sem samræmast menntun þeirra og mæta hindrunum þegar kemur að ráðningu í störf sem hæfa menntun þeirra og þegar kemur að framgangi í starfi (Hagstofa Íslands, 2019). Rannsóknir sýna að fordómar á forsendum litarháttar og þjóðernis hafa skaðleg áhrif á innflytjendur á vinnumarkaði (Kristín Loftsdóttir, o.fl., 2016; Þóra Christiansen og Erla S. Kristjánsdóttir, 2016) Að lokum má nefna að fleiri innflytjendur en fólk af íslenskum uppruna eru á leigumarkaði og innflytjendur á leigumarkaði upplifa mismunun af völdum fordóma (Guðbjörg Ottósdóttir, 2018; Hagstofa Íslands, 2019).

Í íslenski spurningakönnun meðal flóttafólks sem fengið hafði alþjóðlega vernd kom fram að 42% þeirra sögðust vera í vinnu og tæplega 70% sögðust vera í láglauastörfum. Einungis 16% þátttakenda töldu fjárhagsstöðu sína vera góða (Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, 2017). Tæplega helmingur þátttakenda taldi sig hafa orðið fyrir fordómum og mismunun í starfi, 43% töldu sig hafa orðið fyrir slíku í námi og 43% á almenningsvæðum (Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, 2017).

Lögð hefur verið áhersla á það í rannsóknum á barnafátækt að skoða aðstæður barna í tengslum við fleiri þætti en tekjustöðu foreldra, til að mynda uppruna og stöðu foreldra sem innflytjenda. Þrátt fyrir slíka áherslu virðist sem börn foreldra af erlendum uppruna

hafi ekki verið mikið rannsökuð héraendis. Greinin er því mikilvægt innlegg í rannsóknir á börnum sem búa við fátækt. Hér er fjallað um niðurstöður af greiningu gagna rannsóknarinnar sem snúa að áhrifum fátæktar og aðstæðna barna innflytjenda á félagslega þátttöku þeirra. Rannsóknarspurningin er: Hvernig upplifa börn innflytjenda fátækt og aðstæður sínar í félagslegu samhengi?

Aðferð

Gögnum var safnað með eigindlegri rannsóknaraðferð þar sem notuð var viðtalsaðferð. Slík aðferð er hentug þegar rannsakendur hafa að markmiði að fanga upplifun og reynslu barna út frá þeirra eigin sjónarhorni (Padgett, 2008). Með því að nota viðtalsaðferð með viðtalsvísi sem hjálpargagn er hægt að fara út fyrir fram ákveðnar spurningar og með því skapast svigrúm fyrir aukna dýpt og betri innsýn í reynsluheim viðmælendanna (Esterberg, 2002; Rubin og Babbie, 2014). Rannsóknin var unnin á vegum Rannsóknarstofnunar um barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands að beiðni Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og var hún því styrkt af Velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

Þátttakendur

Alls tóku átta börn þátt í þessum hluta rannsóknarinnar, þar af fimm stúlkur á aldrinum átta til sextán ára og þrjár drengir á aldrinum ellefu til þrettán ára, og voru börnin úr sex fjölskyldum. Öll voru börnin með lögheimili í Reykjavík. Fimm barnanna bjuggu hjá báðum foreldrum, eitt hjá móður, eitt hjá móður og stjúpföður og eitt hjá móður og móðurömmu. Börnin voru frá ríkjum á Norðurlöndum, í Austur-Evrópu og í Mið-Austurlöndum. Gætt hefur verið nafnleyndar með því að gefa börnunum dulnefni. Í töflu 1 má sjá nánari upplýsingar um þátttakendur.

Framkvæmd

Rannsóknin fór fram á árunum 2017 og 2018. Við val á þátttakendum var notað markvisst úrtak (e. purposive sample) sem þýddi að þátttakendur voru valdir vegna tiltekinnar reynslu á því sviði sem rannsóknin tók til (Padgett, 2008). Valin voru börn sem bjuggu hjá foreldrum sem höfðu fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélagi sér til framfærslu lengur en í þrjá mánuði á árinu 2017. Starfsmenn á Velferðarsviði Reykjavíkurborgar afhentu foreldrum sem uppfylltu þessi skilyrði kynningarbréf og eyðublað um upplýst samþykki auk þess sem þeir kynntu þeim rannsóknina munnlega og óskðu eftir þátttöku barna þeirra í rannsókninni. Rann-



Tafla 1. Yfirlit yfir þátttakendur

Nafn	Upprunasvæði	Hve lengi búið á Íslandi	Aldur	Kyn	Fjölskyldu- og heimilisgerð	Systkini á heimili
Katrín	Mið-Austurlönd	1½ ár	14 ára	KVK	Býr hjá foreldrum	Þrjú systkini
Tara	Mið-Austurlönd	3 ár	11 ára	KVK	Býr hjá móður	Ekkert – systkini uppkomin
Davíð	Austur-Evrópa	10 ár	11 ára	KK	Býr hjá móður og móðurömmu	Tvö systkini
Petra	Norðurlönd	1 ár	8 ára	KVK	Býr hjá móður og stjúpforeldrum, fer í umgengni til föður	Ekkert – systkini uppkomin
Adam	Mið-Austurlönd	2 ár	13 ára	KK	Býr hjá foreldrum	Eitt systkini
Lísa	Mið-Austurlönd	2 ár	16 ára	KVK	Býr hjá foreldrum	Þrjú systkini
Anna	Mið-Austurlönd	2 ár	11 ára	KVK	Býr hjá foreldrum	Eitt systkini
Gunmar	Mið-Austurlönd	2 ár	11 ára	KK	Býr hjá foreldrum	Eitt systkini

sóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd fékk upplýsingar um þau börn og foreldra þeirra sem samþykktu þátttöku og hafði samband við foreldra barnanna til að ákveða hvenær og hvar viðtölin ættu að fara fram. Markmið rannsóknarinnar var útskýrt áður en bæði foreldrar og börn skrifuðu undir upplýst samþykki og áður en viðtölin sjálf fóru fram.

Gagnaöflun og úrvinnsla gagna

Tekin voru átta hálfstöðluð djúpvíðtöl við átta börn og fóru viðtölin ýmist fram á heimilum barnanna, á skrifstofu rannsakenda, eða á öðrum stað sem bauð upp á næði, í nærumhverfi barnsins, allt eftir því hvað hentaði viðkomandi barni og fjölskyldu þess. Stuðst var við viðtalsvísi sem byggður var á markmiði rannsóknarinnar og fyrirbyggjandi þekkingu. Fjögur viðtöl fóru fram á tungumáli barnanna með aðstoð túlks. Önnur viðtöl fóru fram á íslensku og ensku. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð. Rannsakendur fylgdu þrepum um kóðun og þemagreiningu. Samkvæmt þeirri aðferð var leitast við að finna sameiginlega þætti og mynstur í frásögn barnanna sem varpa ljósi á reynslu þeirra og þá merkingu sem þau leggja í líf sitt og aðstæður (Esterberg, 2002; Padgett, 2008; Rubin og Babbie, 2014). Viðtölin voru ítrekað lesin yfir og þættir merktir með efnissetningum sem endurspegluðu atriði sem voru í viðtalsvísinum og einnig atriði sem ekki voru þar. Viðtölin voru þannig bæði kóðuð með markvissri kóðun (e. focused coding) og opinni kóðun (e. open coding) til að fullnýta gögnin og til að ná dýpri merkingu í þemun (Esterberg, 2002; Rubin og Babbie, 2014). Þegar vitnað er til frásagna barnanna í niðurstöðukafla hefur texti viðtala sem fram fóru á öðrum tungumálum en íslensku verið þýddur yfir á íslensku. Texti túlks var látinn halda sér eins og barnið hefði sjálft sagt það sem þar kom fram. Málvillur hafa verið lagfærðar í tilvitnunum sem koma fyrir í greininni.

Síðferðileg álitamál

Tilskilins leyfis frá Vísindasiðanefnd á heilbrigðissviði var aflað. Rannsakendur þessa hluta rannsóknarinnar voru tveir og eru höfundar þessarar greinar. Þar sem erfitt var að fá þátttakendur var farin sú leið að hafa tvenn systkini úr tveimur fjölskyldum, þó upphaflega hafi ekki verið ætlunin að gera það. Þar sem aldursmunur var á systkinunum og þau voru af ólíku kyni var gert ráð fyrir að upplifun þeirra af fátækt gæti verið ólík þó að þau væru í sömu fjölskyldunni. Rannsakendurnir hafa mikla reynslu af eiginlegum rannsóknum og starfi með börnum. Þeir voru meðvitaðir um valdastöðu sína gagnvart börnunum og lögðu áherslu á að ræða við börnin áður en viðtölin fóru fram um það hvað fælist í trúnaði og nafnleynd og lögðu áherslu á að skapa rólegt andrúmsloft svo að börnin myndu fyrir öryggi í viðtölinum. Reynt var að tryggja með samræðum við börnin að þau áttuðu sig á viðfangsefninu og til hvers niðurstöður yrðu nýttar. Það er visst álitamál að börnin voru fengin til þátttöku með aðstoð starfsfólks velferðarsviðs sveitarfélags sem einnig veitir þeim og foreldrum þeirra þjónustu. Foreldrarnir og börn þeirra kunna því að hafa upplifað þrýsting á þátttöku. Rannsakendur voru meðvitaðir um þetta og brugðust við á þann hátt sem lýst er hér að framan.

Niðurstöður

Hér verður fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar er varða félagsleg áhrif fátæktar og aðstæðna barna innflytjenda. Sjónum er beint að einu þema, félagslegum tengslum.

Áður en fjallað er um þetta tiltekna þema er vert að lýsa fjölskyldu- og heimilisáðstæðum barnanna. Foreldrar barnanna voru flestir án atvinnu og nokkrir foreldrar voru það sökum heilsuþrests. Sum barnanna greindu frá því að foreldrar þeirra hefðu menntun á framhaldsskólastigi, svo sem eins og iðnnám, og töluðu



um að þeir ættu að baki starfsreynslu. Í sumum tilfellum átti það við um vinnumarkað á Íslandi og í öðrum í heimalandi. Öll börnin nema eitt höfðu búið stuttan tíma á Íslandi, það er í eitt til þrjú ár. Öll börnin bjuggu í leiguhúsnæði og flest við þröngbýli. Sum barnanna áttu systkini sem bjuggu á heimili þeirra.

Samvera og tengsl við vini

Börnin voru spurð um samveru og tengsl við vini sína. Í frásögnum barnanna kom fram að sum þeirra áttu vini bæði af íslenskum og erlendum uppruna. Sum þeirra áttu einungis vini af íslenskum uppruna en eitt barn átti einungis vini af erlendum uppruna. Það barn hafði dvalið lengst hér á landi. Sum barnanna voru samferða vinum í skólann. Tara var á meðal þeirra: „Ég er oftast samferða vinkonu minni [...] næstum því á hverjum degi.“ Tara lýsir samverustundum með vinum þannig:

Já, þú veist, stundum er ég með stelpunni sem á heima hér [í blokkinni] og stundum er ég með nokkrum öðrum stelpum sem eru með okkur og stundum erum við bara að gera eitthvað skemmtilegt úti. Stundum erum við bara að labba í kringum skólann og eitthvað þannig.

Börnin tóku sér ýmislegt fyrir hendur með vinum sínum og var allur gangur á því hvort það kostaði peninga eða ekki. Adam sagðist fara með vinum sínum í sund, körfubolta og í bíó. Hann sagði föður sinn greiða bíóferðirnar. Börn sem áttu vini sem áttu betur stæða foreldra vildu frekar leika sér heima hjá þeim, en börn sem áttu vini sem virtust eiga foreldra í svipaðri stöðu léku sér ýmist heima hjá sér eða heima hjá vinum sínum. Gunnar lék sér frekar heima hjá vinum sínum þar sem honum fannst heimili sitt vera of fátæklega búið í samanburði við heimili vina hans. Tara átti hins vegar vinkonur sem áttu foreldra sem virtust búa við svipuð kjör, og það sem þær gerðu dagsdaglega kostaði ekki mikla peninga. Tara átti bæði leikföng og spil sem hún og vinkonur hennar notuðu og léku þær sér meira heima hjá Töru en heima hjá vinkonum hennar. Herbergi Töru var lítið, sem og íbúðin sem hún bjó í, og var takmarkað pláss fyrir leikföngin hennar. Hún var útsjónarsöm við nýtingu á takmörkuðu plássi heimilisins: „Já, og síðan er ég með geymsluna niðri og þar eru alls konar spil sem ég næ í og við spilum hér. Ég er með allt dótíð mitt niðri í geymslunni, það er svo stórt pláss, svo stundum þegar við ætlum að spila þá fer ég niður og næ í spil.“ Þegar Tara var spurð af hverju hún geymdi ekki spilin í herberginu sínu útskýrði hún það svo: „nei, mér finnst ekki mjög þægilegt að hafa svona alls konar dót í

herberginu, það er svona [...] já, þú veist, út af því að ég er með hillu, skrifborð og það er ekkert mjög mikið pláss í herberginu eftir, sko“.

Lísa, sem var á unglingsaldri, gat stundum ekki verið með vinum sínum vegna bágra fjárhagsaðstæðna fjölskyldu hennar. Ef vinir hennar ætluðu í bíó eða eitthvað sem kostaði peninga varð hún frá að hverfa: „[...] þá hef ég ekkert annað að gera en að snúa mér bara aftur heim, ég verð þá bara heima“. Hún leyndi þó slæmri fjárhagsstöðu fjölskyldu sinnar fyrir vinum sínum og gaf aðrar ástæður fyrir því að hún kæmist ekki með, til dæmis að hún mætti ekki vera að því. En greinilegt var að henni fannst það erfitt og að það olli henni vanlíðan. Gunnar sagðist heldur ekki geta gert allt það með vinum sínum sem þeir væru að gera sökum bágs fjárhags: „[...] ég fer aldrei út með þeim. Ég fer aldrei með þeim í labbitúr eða með þeim í Kringluna og svona [...]“. Eins sagði Gunnar að þar sem hann væri ekki með síma væri erfitt að vera með vinum einhvers staðar, því ef honum seinkaði gæti hann ekki látið foreldra sína vita:

Stundum er ég að fara að vera með vinum og við erum að leika okkur og það eru allir til dæmis með símann til að hringja í foreldrana sína og segja: „Ég verð að vera svolítið lengur“ eða „Ég er hérna, það er allt í lagi með mig“ [...]. Nei, en ég, að ég verð að koma heim þegar ég á að koma, ég get ekki látið mömmu vita að það sé allt í lagi með mig, að ég sé með vinum mínum, vegna þess að ég er ekki með síma til að hringja.

Einnig fannst Gunnari erfitt að fara með vinum sínum í búðir því þeir hefðu tök á að kaupa ýmislegt sem hann gæti ekki keypt. Fann hann sérstaklega fyrir þessu þar sem hann stundaði íþróttir og langaði í Nike-fatnað og ýmislegt annað: „[...] til dæmis förum við í Kringluna og til dæmis sjá þeir [vinirnir] kannski einhvern svona hlut sem kostar lítið og þeir kaupa hann en samt ég bara, ég get ekki [...]“.

Þessar aðstæður urðu til þess að Gunnar fór síður með vinum sínum ef hann vissi að hann lenti í aðstæðum sem kölluðu á útgjöld: „Já, þá varð ég bara að segja bara: „Bæ bæ, ég fer bara heim.““ Hann sagðist yfirleitt vera heima hjá sér um helgar: „Því ég get ekki farið neitt.“ Gunnar sagði vini sína oft hringja í sig um helgar og biðja sig að koma með sér í Smáralind eða í bíó eða annað, en hann gæti það ekki. Þannig voru dæmi um að börnin þyrftu að neita sér um að gera ýmislegt með vinum sínum sem kostaði peninga eða um hluti sem vinir þeirra og jafnaldrar gátu veitt sér, eins og til dæmis ís, merkjavöruklæðnað, GSM-síma og tölvur.

Pátttaka í tómsundum og frístundir

Þrátt fyrir bága fjárhagsstöðu fjölskyldna sinna höfðu börnin ýmis áhugamál, sem þau þó höfðu misgöð tök á að sinna. Flest barnanna voru samt í einhverjum tómsundum, ekki þó öll. Davíð var ekki í reglubundnu tómsundastarfi en las töluvert af bókum á móðurmáli sínu og spilaði tölvuleiki. Tara sótti móðurmálsskóla á vegum félagasamtaka um helgar og stundaði auk þess tómsundaiðju. Katrín æfði fimleika. Anna æfði handbolta. Adam æfði bæði handbolta og fótbolta. Hann sagði Reykjavíkurborg greiða ferðalög í tengslum við boltaþróttirnar: „Ehhh [...] pabbi minn, þegar ég fer út í handbolta eða fótbolta [í ferðir] þá borgar pabbi minn ekki. Það er Reykjavíkurborg sem borgar fyrir mig.“ Gunnar sagðist aftur á móti ekki komast með liðinu sínu ef það færi út á landsbyggðina þar sem það væri of kostnaðarsamt: „Já, ef það er bara stutt, bara hérna í Reykjavík, þá á ég fyrir því. Ef það er einhvers staðar annars staðar í burtu, þá get ég ekki farið.“ Börnin gátu þannig átt erfitt með að komast í ferðir á vegum íþróttafélaga. Var fjárhagsstaða fjölskyldna þeirra því hindrun við slíkar aðstæður. Petru langaði að æfa fimleika. Hún sagði föður sinn hafa lofað að setja hana í fimleika en að hann gleymdi því alltaf. Hana langaði einnig að læra söng en sagðist syngja daglega sjálf heima við þess í stað: „[...] ég á hljóðnema sem ég fékk í jólagjöf, svo ég syng venjulega á hverjum degi og nota hann“. Þessi tilvitnun er gott dæmi um að börn sem búa við fátækt geti verið úrræðagöð og yfirstigið sumar hindranir þrátt fyrir bágar aðstæður.

Eitt dæmi var um að aðbúnaður barns og fátæktin sem olli honum skaðaði barnið líkamlega. Gunnar, sem sagðist vera mikið fyrir íþróttir, langaði að æfa hlaup. Í skólahlaupi sem hann hafði tekið þátt í höfðu ofþröngir skór meitt hann: „[...] það var keppni, skólahlaup, og það var [...] en samt eftir það, þá voru lappirnar mínar, það var mjög erfitt, ég fann verk“. Adam, sem einnig stundaði íþróttir, hafði hins vegar verið svo heppinn að fá skó frá vini sínum: „Ég á fótboltaskó og vinur minn gaf mér fótbolta- eða handboltaskóna af því að þeir voru of litlir á hann og hann bara gaf mér þá.“

Fyrir utan skipulagða tómsundastarfsemi var ýmislegt sem börnin tóku sér fyrir hendur í frítíma. Þó höfðu ekki öll börn tök á að gera það sem þau langaði í frítíma sínum. Lísa greindi frá því að hún hefði mikinn áhuga á að teikna. Hana vantaði þó liti, pappír og penna svo hún hefði tök á að sinna því áhugamáli sínu. Önnur börn höfðu tök á að gera það sem þau langaði í frítíma sínum. Tara lýsti laugardagsmorgnum sem notalegum: „Þá er ég bara, eins og á laugardaginn, þá bara vakna

ég svolítið snemma og er kannski bara að horfa á þætti á meðan ég er að borða morgunmat og eitthvað þannig og bara hafa það svona [...]“. Jafnframt lýsti hún frítímanum eftir hádegi um helgar á eftirfarandi hátt:

Og, þú veist, í frítímanum, þá er ég stundum að læra, stundum er ég bara að skoða í símanum, stundum er ég að tala við vinkonur mínar eða leika við þær – bara eitthvað þannig [...] Stundum fer ég bara í Kringluna eða þú veist, bara eitthvað að skoða í búðum.

Þannig litu sum börnin á heimalærdóminn sem eitthvað sem þau tækju sér fyrir hendur í frítímanum. Þess má geta að þegar börnin fóru í búðir, þá fóru þau iðulega til að skoða, ekki til að versla, eins og kom fram hjá Töru.

Umræða

Eins og sjá má á niðurstöðunum er ljóst að það að búa við fátækt hafði veruleg áhrif á félagslega þátttöku barnanna og hamlaði því í sumum tilfellum að þau gætu verið með vinum sínum. Sum þeirra höfðu ekki tök á að sinna tómsundaiðju að fullu og þurftu að sleppa ferðum eða æskilegum fatnaði til íþróttaiðkunar.

Flest barnanna stunduðu einhverja tómsundaiðju en það er ekki í samræmi við niðurstöður rannsóknarinnar hvað varðar börn af íslenskum uppruna. Þar kom fram að fæst barnanna voru í skipulögðum tómsundum (Freydís Jóna Freysteinsdóttir o.fl., 2018). Þá er það ekki í samræmi við niðurstöður megindlegrar rannsóknar sem gerð var fyrir nokkrum árum, þar sem kom fram að fæst barnanna stunduðu tómsundaiðju (Ásdís Aðalbjörg Arnalds o.fl., 2012). Þessi niðurstaða er því áhugaverð.

Áberandi var í niðurstöðum þessarar rannsóknar að bág fjárhagsstaða virtist hafa sérstaklega slæm áhrif á börn sem stunduðu íþróttir. Hjá þeim virtist skipta miklu máli að geta keypt tiltekinn búnað sem fylgir íþróttum og því var það þeim hindrun að geta ekki veitt sér það sem þau vanhagaði um. Talsvert er um keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og því er afar mikilvægt að sveitarfélög taki þátt í slíkum kostnaði þegar um er að ræða börn sem búa við fátækt. Einnig var dæmi um að barn notaði of þrönga skó í íþróttum og veigraði sér við því að biðja foreldra sína um aðra skó vegna fátæktarinnar. Ljóst er að of þröngir skór geta beinlínis skekkt fætur og haft varanleg áhrif á fætur barna sem eru að vaxa. Við slíkar aðstæður má segja að sé um samfélagslega vanrækslu að ræða; þegar fjölskyldum er ekki gert kleift að sinna þörfum barna sinna vegna of lágra tekna (Miller-Perrin, Perrin og Renzetti, 2018).

Einnig var áberandi hve erfið fátæktin reyndist



börnum sem áttu vini sem virtust vera í vel stæðum fjölskyldum. Þau börn gátu ekki tekið þátt í samfélaginu eins og vinir þeirra og upplifðu þar af leiðandi mismunun. Börnin lýstu sum hver mikilli skömm þar sem þau gátu ekki veitt sér ýmislegt sem vinir þeirra gátu veitt sér. Það að vera frábrugðinn vinum sínum á þennan hátt getur leitt til þess að börn upplifi skömm og jafnframt til þess að þau leyni stöðu sinni og segi ósatt til að fela hana (Gross-Manos, 2015). Dæmi voru um að börnin segðust ekki komast með ef vinir þeirra ætluðu í bíó eða í verslunarmiðstöð eða annað sem gat krafist fjárútláta. Einnig kusu börn sem áttu vini í betur stæðum fjölskyldum frekar að leika við þá heima hjá þeim en heima hjá sér, og eru þær niðurstöður í samræmi við fyrri rannsóknir (Crowley og Vulliamy, 2007; Ridge, 2009).

Þegar litið er til þessa hluta rannsóknarinnar og hann borinn saman við hinn hlutann má sjá að þrátt fyrir að upplifun barnanna af áhrifum fátæktar og aðstæðna á líf þeirra hefði verið svipuð á milli hópanna þá voru nokkrir þættir ólíkir. Börnin af erlendum uppruna áttu að baki stutta dvöl á Íslandi miðað við börnin af íslenskum uppruna og höfðu því ekki reynslu af því að hafa oft þurft að skipta um húsnæði eins og börnin af íslenskum uppruna. Þau hjuggu líka við meiri umönnun og reglu á mataræði og svefntíma en börnin af íslenskum uppruna. Þá voru þau frekar í formlegu tómskundastarfi en börnin af íslenskum uppruna (Freydís Jóna Freysteinsdóttir o.fl., 2018).

Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa vísbendingar um að börn sem búa við fátækt glími við ýmsar félagslegar hindranir þegar kemur að samveru, vinatengslum, þátttöku í skipulögðu tómskundastarfi og félagslegri þátttöku. Þar sem um eiginlega rannsókn er að ræða eiga niðurstöðurnar við um þátttakendur rannsóknarinnar en gefa þó vísbendingar um það hvaða áhrif fátækt og erfiðar aðstæður geti haft á félagslega þátttöku barna. Það er þó ekki hægt að alhæfa út frá þessum niðurstöðum. Aðstæður barnanna sem tóku þátt í þessari rannsókn geta hindrað þau í að eiga samverustundir með jafnöldrum sínum. Þessar niðurstöður samræmast niðurstöðum Kuruvilla og Jacob (2007). Slíkur aðstöðumunur útilokar börn frá félagslegum gæðum, svo sem tómskundaiðju og öðrum félagslegum athöfnum (Littlewood, Herkommer og Koch, 2007; Lovísa Arnardóttir, 2016). Þannig gat fátæktin sem börnin hjuggu við haft áhrif á vináttusambönd þeirra. Vináttusambönd og samskipti við jafningja eru börnum afar mikilvæg og er því ljóst að fátækt getur þannig haft áhrif á jafningjatengsl barna (Crowley og Vulliamy, 2007; Ridge, 2009).

Nýting niðurstaðna á vettvangi og á pólitíska stefnumörkun

Niðurstöður þessarar rannsóknar lýsa upplifun barna af erlendum uppruna af fátækt og aðstæðum sínum. Mikilvægt er að fagaðilar í starfi með börnum í ýmsu samhengi, eins og til dæmis innan velferðar- og skólastofnana og félagsamtaka sem sinna íþrótta- og tómskundastarfi barna, skimi fyrir og bregðist við aðstæðum barna sem búa við fátækt. Þessir aðilar þurfa að hafa í huga margbreytilegar aðstæður barna sem valda því að þau búa við fátækt. Það þarf að vera grundvöllur fyrir stofnanir til að bregðast við með úrræðum og veitingu styrkja, eins og til dæmis fyrir íþróttafatnaði og skólaferðum þegar þörf krefur, til að draga úr áhrifum fátæktar á félagslega þátttöku barna. Leitast ber við að bæta lífsskilyrði þeirra og líðan í daglegu lífi. Til grundvallarmannréttinda telst meðal annars það að búa í öruggu húsnæði, stunda nám og tómskundaiðju og að hafa tök á að rækta tengsl við jafnaldra og vini (Umboðsmaður barna, e.d.).

Heimildir

Allsopp, J., Sigona, N. og Phillimore, J. (2014). Poverty among refugees and asylum seekers in the UK: An evidence and policy review. *Iris working paper series 1/2014*. Sótt af <http://www.birmingham.ac.uk/Documents/college-social-sciences/social-policy/iris/2014/working-paper-series/IRIS-WP-1-2014.pdf>

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands. (2017). *Greining á þjónustu við flóttafólk*. Sótt af <http://ams.hi.is/wp-content/uploads/2015/09/A%CC%81o%CC%88gunflo%CC%81tafo%CC%81lks-Sky%CC%81rsla-lesin.pdf>

Anderson, B. (2010). Migration, immigration controls and the fashioning of precarious workers. *Work, Employment and Society*, 24(2), 300–317. doi 10.1177/0950017010362141

Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Elísabet Karlsdóttir, Guðbjörg Andrea Jónsdóttir, Ingibjörg Lilja Ómarsdóttir, Heiður Hrunð Jónsdóttir og Vala Jónsdóttir. (2012). *Aðstæður reykvískra foreldra: Félagslegt tengslanet, tómskundir og almenn heilsufar barna*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

Crowley, A. og Vulliamy, C. (2007). *Listen up! Children and young people talk: About poverty*. Sótt af <https://resourcecentre.savethechildren.net/node/4631/pdf/4631.pdf>

Cynthia Lisa Jeans og Guðný Björk Eydal. (2005). Viðhorf reykvískra barna til fátæktar. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum VI* (bls. 185–192). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Elísabet Karlsdóttir og Erla Björg Sigurðardóttir. (2015). *Jadarstada foreldra - velferð barna*. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd: Reykjavík. Sótt af <https://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/Ritrod-VIII-RBF-Jadarstada-foreldra.pdf>

- Esterberg, K.G. (2002). *Qualitative methods in social research*. Boston, MA: McGraw Hill.
- Falicov, C.J. (2016). Migration and the family life cycle. Í M. McGoldrick, Preto, N.G. og B. Carter (ritstj.). *The expanding family life cycle: Individual, family and social perspectives*. Boston, MA: Pearson Education, Inc.
- Freydís Jóna Freysteinsdóttir, Hervör Alma Árnadóttir, Soffía Hjördís Ólafsdóttir og Guðbjörg Ottósdóttir. (2018, júlí). *Reynsla reykvískra barna af því að búa við fátækt*. Reykjavík: Háskóli Íslands, félagsráðgjafardeild og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Gross-Manos, D. (2015). Material deprivation and social exclusion of children: lessons from measurement attempts among children in Israel. *Journal of Social Policy*, 44(1), 105–125. doi:10.1017/S0047279414000646
- Guðbjörg Ottósdóttir. (2018). Húsnæðisáðstæður innflytjenda á höfuðborgarsvæðinu. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. Sótt af http://rbf.hi.is/sites/rbf.hi.is/files/Skyrslur/rannsóknarskyrsla_husnaedisadstaedur_innflytjenda_a_hofudborgarsvaedinu_loka_skyrsla.pdf
- Guðný Björk Eydal og Cynthia Lisa Jeans. (2008). Börn og fátækt. *Tímarit félagsráðgjafa*, 3, 17–27.
- Hagstofa Íslands. (2016). *Sárafátækt: Severe material deprivation*. Sótt af <https://www.stjornarradid.is/media/velferdar-raduneyti-media/media/skyrslur2016/Skyrsla-um-sarafataekt-13.9.2016.pdf>
- Hagstofa Íslands. (2019). Félagsvísar: Sérhefti um innflytjendur. *Hagtíðindi Félagsvísar*, 104(2), 1–54. Sótt af <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/lifskjor/felagsvissar-serhefti-um-innflytjendur/>
- Hervör Alma Árnadóttir og Soffía Hjördís Ólafsdóttir. (2019). „Við eigum ekkert hús“ Reynsla og upplifun barna af því að búa við fátækt. *Tímarit félagsráðgjafa*, 13, 13–20.
- Kamerman, S.B. og Kahn, A. (1995). *Starting right: How America neglects its youngest children and what we can do about it*. New York, NY: Oxford university press.
- Kristín Loftsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Kári Kristinsson. (2016). „Hún gæti alveg verið múslimi og allt það“: Ráðning fólks af erlendum uppruna til íslenskra fyrirtækja. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 12(2), 493–416. doi.org/10.13177/irpa.a.2016.12.2.10
- Kuruvilla, A., og Jacob, K. S. (2007). Poverty, social stress & mental health. *Indian Journal of Medical Research*, 126(4), 273–8. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/195977890?accountid=28822>
- Lee, J. (2011). The effects of persistent poverty on children's physical, socio-emotional, and learning outcomes. *Child Indicators Research*, 4(4), 725–747. doi.org/10.1007/s12187-011-9120-8.
- Littlewood, P., Herkommer, S. og Koch, M. (2007). Social exclusion, the underclass and welfare. Í L. Harrysson og M. O'Brien (ritstjórar), *Social Welfare, Social Exclusion. A life Course Frame* (bls. 7–33). Lundur, Svíþjóð: Värpinge Ord & Text.
- Lovísa Arnadóttir. (2016). *Réttindi barna á Íslandi: Börn sem líða efnislegan skort*. Sótt af http://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/unicef_rbai.skyrsla.2016_vef_2.pdf
- Marques, J. (2008). Poverty: A subjective subject. *Global Watch*, 3(4), 19–30. Sótt af <https://search.proquest.com/docview/224661950?accountid=28822>
- McGoldrick, M., Preto, N. G. og Carter, B. (2016). *The expanding family life cycle: Individual, family and social perspectives* (5. útg.). Highland Park, NJ: Pearsons.
- Miller-Perrin, C. L., Perrin, R. D. og Renzetti, C. M. (2018). *Violence and maltreatment in intimate relationships*. Washington, DC: SAGE Publications.
- Odenbring, Y. (2019). The daily life and reality behind child poverty in Sweden: Children's and adolescents' voices. *Child Indicators Research*, 12, 847–859. doi: 10.1007/s12187-018-9558-z
- OECD Publishing. (2012). *Settling in: OECD Indicators of Immigrant Integration 2012*. Sótt af <https://www.oecd-ilibrary.org/docserver/9789264171534-en.pdf?expires=-1529312141&id=id&accname=oid020862&checksum=-7A202EDB6474BC0C39D52A5C98476516>
- Padgett, D. K. (2008). *Qualitative Methods in Social Work Research*. Thousand Oaks, California: Sage Publications.
- Phillimore, J. og Goodson, L. (2006). Problem or opportunity? Asylum seekers, refugees, employment and social exclusion in deprived urban areas. *Urban Studies*, 43(10), 1715–1736.
- Ridge, T. (2009). *Living with poverty: A review of the literature on children's and families' experiences of poverty*. Bath, England: University of Bath, Centre for the analysis of social policy. Sótt af <http://dera.ioe.ac.uk/11015/1/rrep594.pdf>
- Rubin, A. og Babbie, E. R. (2014). *Research methods in social work* (8. útg.). Boston, MA: Brooks/Cole, Cengage learning.
- Rysst, M. (2013). The social importance of consumption for inclusion and exclusion among children in a multi-ethnic suburb of Oslo, *Nordic Journal of Migration Research*, 3(1), 19–26. doi:10.2478/v10202-012-0009-5
- Safe the children. (2014). *Child poverty and social exclusion in Europe: A matter of children's rights*. Sótt af <https://resourcecentre.savethechildren.net/sites/default/files/documents/child-poverty-and-social-exclusion-in-europe-low-res.pdf>
- Safe the children. (2016). *Ending educational and child poverty in Europe*. Sótt af https://www.barnaheill.is/static/files/pdf/Ending_Educational_and_Child_Poverty_in_Europe_2016.pdf
- Standing, G. (2011). *The precariat. The new dangerous class*. London, England: Bloomsbury.
- Stefán Ólafsson. (1990). *Lífskjör og lífshættir á Norðurlöndum: Samanburður á þjóðfélagi Íslendinga, Dana, Finna, Norðmanna og Svía*. Reykjavík: Íðunn.
- Stefán Ólafsson. (1999). *Íslenska leiðin: Almannatryggingar og velferð í fjölpjóðlegum samanburði*. Reykjavík: Tryggingastofnun ríkisins og Háskólaútgáfan.
- Umboðsmaður barna. (e.d.) *Barnasáttmálinn í heild*. Sótt af <https://www.barn.is/barnasattmalinn/barnasattmalinn-i-heild/>
- Þóra Christiansen og Erla Kristjánsdóttir. (2016). „Veggurinn er alltaf til staðar“: Upplifun háskólamenntaðra innflytjenda af samskiptum og samningsstöðu gagnvart vinnuveitendum. *Íslenska þjóðfélagið*, 7(1), 5–22.